

# MENNINGAR- OG SAFNANEFND

## FUNDUR – 19. janúar 2006

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 19. janúar 2006, kl: 18:00  
Á bæjarskrifstofu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

**1. Verkaskipting stjórnar.**

*Tillaga kom um að Jóhanna G. Jónasdóttir gengdi formennsku. Samþykkt samhljóða.*

**2. Hafíssetur.**

*Bæjarstjóri greindi frá stöðu mála varðandi uppbyggingu hafísseturs í Hillebrandtshúsi. Björn G. Björnsson hefur verið fenginn sem verkefnisstjóri að hafíssetrinu og Þór Jakobsson, veðurfræðingur frá Veðurstofunni sér um fræðilega þáttinn. Fundarmenn ræddu möguleika á snyrtingum við Hillebrandtshús. Áætlað er að setrið verði formlega opnað í maí – júní á þessu ári.*

**3. Matur og menning 2006.**

*Rætt um fjölskylduhátíðina og gerir nefndin það að tillögu að hátíðin verði haldin helgina 14. – 16. júlí nk. Rætt var hvort breyta ætti nafni hátíðarinnar. Mikilvægt er að undirbúningur að hátíðinni fari í gang við fyrstu hentugleika.*

**4. Önnur mál voru engin.**

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:10.

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

*Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)*

*Ásgerður Pálsdóttir (sign.)*

*Hlíf Sigurðardóttir (sign.)*